

37

19. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað „40 aura“ í 1. gr. laga nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald, komi: 20 aura.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

38

19. júní

L Ö G

um hafnargerð á Húsavík.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Til hafnargerðar á Húsavík veitast úr ríkissjóði $\frac{2}{3}$ kostnaðar, eftir áætlun,
sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að
kr. 400000 — fjögur hundruð þúsund krónur — gegn $\frac{1}{3}$ hlutum frá hafnar-
sjóði Húsavíkurkaupþúns.